



Borgarráð

Reykjavík, 17. ágúst 2026

FAS25120034

Minnisblað vegna samnings Brúar lífeyrissjóðs við íslenska ríkið um uppgjör LV-bréfa

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur fram minnisblað til kynningar á samningi sem Brú lífeyrissjóður gerði við íslenska ríkið um uppgjör á svokölluðum LV-skuldabréfum. Bréfin eru upphaflega tilkomin vegna kaupa ríkisins á 44,525% eignarhlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun en kaupverðið var greitt að hluta með reiðufé og að hluta með útgáfu verðtryggðra skuldabréfa sem voru gefin út til handa Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Samningur Brúar lífeyrissjóðs felur í sér að LV-skuldabréfin, sem teljast ekki lengur markaðshæf, eru gerð upp að fullu með afhendingu ríkisskuldabréfa annars vegar og hins vegar með greiðslu reiðufjár samkvæmt samkomulagi sem náðist um uppgjör bréfanna.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík

Minnisblað

Dags: 13. júlí 2026

Efni: Samningur um uppgjör LV bréfa

1. Inngangur

Með kaupsamningi dags. 1. nóvember 2006 keypti íslenska ríkið eignarhluti Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Um var að ræða 44,525% eignarhlut Reykjavíkurborgar og 5,475% eignarhlut Akureyrarbæjar, samtals 50% eignarhlut. Kaupverðið var greitt að hluta með reiðufé og að hluta með útgáfu verðtryggðra skuldabréfa. Gefin voru út til handa Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar 118 skuldabréf að nafnverði 200.000.000 kr. hvert og eitt skuldabréf að nafnverði 337.625.000 kr., samtals 23.937.625.000 kr. að nafnverði (hér: LV-skuldabréfin). Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar er nú R-deild Brúar lífeyrissjóðs eins og kunnugt er.

LV-skuldabréfin voru upphaflega til 28 ára, bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í janúar 2007 og bera breytilega vexti jafnháa ávöxtunarkröfu íbúðabréfa í flokki HFF 150434. Skuldabréfin greiðast með 56 jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, 10. janúar og 10. júlí ár hvert, í fyrsta sinn 10. júlí 2007 og með lokagjald daga 10. janúar 2035.

Samkvæmt skilmálum LV-skuldabréfanna skyldi við útreikning vaxta miða við meðalávöxtunarkröfu síðustu sex almanaksmánaða fyrir viðkomandi gjalddaga. Með samkomulagi dags. 9. janúar 2009 var nánar samið um breytingar á útreikningi meðalávöxtunarkröfunnar þannig að miðað yrði við einfalt meðaltal mánaðarlegrar meðalávöxtunarkröfu HFF 150434 úr verðmyndandi viðskiptum með flokkinn.

Í skilmálum LV-skuldabréfa er kveðið á um að verði framangreindur flokkur íbúðabréfa felldur niður skuli miða vexti við ávöxtunarkröfu sambærilegra verðbréfa. 2.7. Við uppgjör ÍL-sjóðs og afskráningu HFF-skuldabréfa hvarf HFF 150434 sem tiltækt vaxtaviðmið. Aðilar hafa frá þeim tíma átt í viðræðum um nýtt vaxtaviðmið eða annað uppgjör LV-skuldabréfa. Þeim viðræðum lauk með samningi sem undirritaður var 8. júlí 2026 og felur í sér fullnaðaruppgjör LV-skuldabréfanna.

2. Efni samningsins

Samningurinn felur í sér að LV-skuldabréfin eru gerð upp að fullu með annars vegar afhendingu ríkisskuldabréfa og hins vegar með greiðslu reiðufjár.

Við uppgjörið þurfti að semja sérstaklega um verðmæti eða uppgjörsandvirði LV-skuldabréfanna sem fól í sér áskorun í ljósi þess að vaxtaviðmið þeirra var ekki lengur til staðar. Niðurstaðan var að verðmæti þeirra skyldi taka mið af sambærilegri aðferðafræði og beitt var við uppgjör ÍL-sjóðs. Verðmæti þess hluta sem var í eigu R-deildar var samkvæmt útreikningum 20.068.790.180 kr.

Eins og áður segir fékk sjóðurinn afhent safn ríkisskuldabréfa og reiðufé til uppgjors LV-skuldabréfanna. Lagt var sérstakt mat á hvaða flokkar ríkisskuldabréfa hentuðu best út frá áætlunum um framtíðar greiðsluflæði R-deildarinnar. Niðurstaða þess mats var eftirfarandi skipting: R-deild Brúar fær 18% uppgjörsvirðis í RIKS 34 1016, 48% í RIKS 36 0815, 24% í RIKS 39 1115 og 10% í reiðufé.

Loks var gjalddagi sem féll á LV-skuldabréfunum 10. janúar 2026 endurreiknaður og sömu aðferðafræði beitt við ákvörðun vaxta og niðurstaðan varð um í viðræðum aðila. Þessi gjalddagi var greiddur á sínum tíma með fyrirvara í ljósi viðræðna aðila um uppgjör bréfanna.

Uppgjörsgdagur samkvæmt samningnum er 24. júní 2026 og voru LV-skuldabréfin vaxtareiknuð til þess dags og gengi ríkisskuldabréfanna miðaðist við lokastöðu þess dags. Þá ber reiðufjárluti uppgreiðslunnar vexti frá þeim degi til uppgjörsgdags sem var ákveðinn 15. júlí 2026. Það álag sem var reiknað á gjalddaga LV-skuldabréfanna 10. janúar 2026 ber jafnframt vexti til sama dags.

3. Niðurlag

Að mati Brúar lífeyrissjóðs var afar mikilvægt að ná samningum um uppgjör LV-skuldabréfanna. Vaxtaákvæði þeirra hefur frá upphafi valdið verulegum áskorunum við verðlagningu bréfanna og skapað óvissu um raunvirði þeirra á hverjum tíma. Ekki var ásættanlegt að fjárfesting af þessari stærðargráðu væri bundin við skuldabréf sem hvorki höfðu virkt markaðsviðmið um vexti né voru markaðshæf. Með uppgjörinu fær sjóðurinn í staðinn markaðshæf skuldabréf sem lúta hefðbundnum markaðslögmálum og tryggja traustari og gagnsærri grundvöll fyrir verðmat eigna sjóðsins.